

Fundargerð

**282. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn á skrifstofu
slökkviliðsstjóra, Skógarhlíð 14,
mánudaginn 27. júlí 2026, kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Hildur Björnsdóttir, Þórður Þórarinnsson, Ásdís Kristjánsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Orri V. Hlöðversson, Almar Guðmundsson, Hilmar Gunnarsson, Þór Sigurgeirsson, Birgir Finnsson, Aldís Rún Lárusdóttir, Ingveldur Lára Þórðardóttir og Ástríður Þórðardóttir.

Fundargerð ritaði: Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

1. Ný stjórn SHS - 2606003

Ný stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins tekur til starfa.

Stjórnin er skipuð eftirfarandi:

*Hildur Björnsdóttir, formaður, frá Reykjavíkurborg
Þórður Þórarinnsson, varaformaður, frá Hafnarfjarðarbæ
Ásdís Kristjánsdóttir frá Kópavogsbæ
Almar Guðmundsson frá Garðabæ
Hilmar Gunnarsson frá Mosfellsbæ
Þór Sigurgeirsson frá Seltjarnarnesbæ*

Varastjórnarmenn:

*Einar Þorsteinsson frá Reykjavíkurborg
Skarphéðinn Orri Björnsson frá Hafnarfjarðarbæ
Orri Vignir Hlöðversson frá Kópavogsbæ
Björg Fenger frá Garðabæ
Jana Katrín Knútsdóttir frá Mosfellsbæ
Björn Jóhannesson frá Seltjarnarnesbæ*

2. Árshlutareikningur SHS janúar - júní 2026 - 2607001

Árshlutauppgjör SHS í janúar - júní lagt fram til kynningar og samþykktar.

Niðurstaða

Stjórn samþykkir og undirritar árshlutareikninginn.

Fylgiskjöl

SHS 282 2.1 Árshlutauppgjör SHS janúar-júní 2026.pdf

3. Fjárhagsáætlun 2027, helstu forsendur - 2607013

Meginforsendur fjárhagsáætlunar 2027 - 2031 lagðar fram til samþykktar.

Niðurstaða

Stjórn samþykkir framlagðar meginforsendur fjárhagsáætlunar SHS 2027-2031.

Fylgiskjöl

SHS 282 3.1 Forsendur Rvk. v. fjárhagsáætlunar 2027 - 2031.pdf

SHS 282 3.2 Meginforsendur fjárhagsáætlunar 2027-2031 kynning.pdf

4. Net- og upplýsingaöryggisstefna SHS - 2607012

Uppfærð net- og upplýsingaöryggisstefna SHS lögð fram til kynningar.

Niðurstaða

Kynning, stefnan verður lögð fram til samþykktar á næsta stjórnarfund.

Fylgiskjöl

SHS 282 4.1 Net- og upplýsingaöryggisstefna 3. útg. drög m. breytispori.pdf

SHS 282 4.2 Net- og upplýsingaöryggisstefna 3. útg. drög án breytispora.pdf

5. Tónahvarf - 2603005

Farið yfir stöðu mála vegna fyrirhugaðrar byggingar nýrrar slökkvistöðvar við Tónahvarf í Kópavogi sem áætlað er að tekin verði í notkun árið 2030 skv. brunavarnaáætlun SHS.

Niðurstaða

Kynning.

6. Önnur mál 2026 - 2601007

6.1 Aðalfundur SHS.

Fráfarandi stjórn fól þáverandi formanni SHS að ræða fyrirkomulag aðalfunda á vettvangi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), með það í huga að taka aftur upp sameiginlega ársfundi byggðasamlaga fyrir kjörna fulltrúa á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt starfsreglum stjórnar SHS ber að halda aðalfund fyrir 1. desember ár hvert.

6.2 Tímabundin staðsetning sjúkrabíls á Seltjarnarnesi á álagstímum.

Fráfarandi stjórn fól slökkviliðsstjóra og bæjarstjóra Seltjarnarness að finna aðstöðu á hentugum stað í bænum fyrir sjúkrabíl með áhöfn á álagstímum. Þór Sigurgeirsson kynnti stöðu þess máls.

Niðurstaða

6.1 Slökkviliðsstjóri verður í sambandi við framkvæmdastjóra SSH vegna fyrirkomulags aðalfunda.

6.2 Kynning.

Fundi slitið kl. 09:30.

Hildur Björnsdóttir

Þórður Þórarinnsson

Orri V. Hlööversson

Almar Guðmundsson

Hilmar Gunnarsson

Þór Sigurgeirsson

